

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hækkun tollkvóta inn á markaði Evrópusambandsins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvað líður samningum um hækkun tollkvóta fyrir íslenskar landbúnaðarvörur, svo sem skyr, lambakjöt og annað, inn á markaði Evrópusambandsins?
2. Hverjar voru kröfur Íslands í upphafi?
3. Hvenær voru síðustu fundir embættismanna haldnir þar um?
4. Hvers eðlis eru kröfur Evrópusambandsins á móti?
5. Í ljósi þess að fyrstu umræður Íslands og Evrópusambandsins um vernd afurðarheita komu upp í tengslum við slíka samninga, hyggst þá ráðherra tengja það mikilvæga mál inn í viðræðurnar til að tryggja m.a. vernd skyrar gagnvart evrópskri framleiðni?
6. Hvað veldur tregðu í þessum samningum sem fóru upphaflega mjög vel af stað?